

## Starf Tómstundafulltrúa Strandabyggðar árið 2011

---

Ný staða tómstundafulltrúa í Strandabyggð var auglýst seint í nóvember árið 2010. Undirritaður var ráðinn í stöðuna á Þorláksmessu sama ár og hóf strax handa í janúarbyrjun við að móta starfið ásamt sveitarstjórn og sveitarstjóra. Vinnuhlutfall í byrjun árs skv. samningi var 70% og hélst það hlutfall óbreytt út árið 2011.


Árið 2011 hefur verið afskaplega lærdómsríkt og skemmtilegt. Talsverður tími fór í að móta starfið í upphafi og frameftir ári, ásamt því að koma sér inn í þá þætti starfsins sem voru nýjir af nálinni. Tómstundafulltrúi tók strax við starfi Félagsmiðstöðvarinnar Ozon sem var viðamikil, sérstaklega í byrjun árs, enda mikill kraftur í unga fólkinu í Strandabyggð. Starfið við Félagsmiðstöðina hefur verið með nokkuð hefðbundnu sniði enda tekið við góðu búi. Þó var bryddað upp á ýmsum smærri nýjungum í starfinu og von er á fleiri slíkum á komandi ári.

Þann 1. apríl var undirritaður samningur til eins árs milli Strandabyggðar og Héraðssambands Strandamanna um að tómstundafulltrúi sæi um framkvæmdastjórn HSS í 10% stöðu á ársgrundvelli. Þessu starfi var sinnt allt árið en mest var að gera síðsumars. Vinnan við HSS er fjölbreytt og í henni felast margir góðir möguleikar til eflingar íþrótta- og æskulýðsstarfi á Ströndum öllum. Samningur um framkvæmdastjórnina verður endurskoðaður af samningsaðilum í mars 2012.

Talsverð vinna fór í það fyrri part árs að undirbúa bæjarhátíðina Hamingjudaga sem voru haldnir vikuna 27. júlí til 3. júlí. Hátíðin var nokkuð fjölmenn og margir viðburðir henni tengdir vöktu lukku og aukna hamingju. Þá þótti það nýbreytni að sólin skein á hátíðargesti mest alla helgina.

Tómstundafulltrúi kom að og hafði milligöngu og frumkvæði að ýmsum öðrum viðburðum, t.a.m. að komu danskennarans Jóns Péturs Úlfjótssonar í samstarfi við Grunnskólann á Hólmavík og vel sóttum fyrirlestri handboltakappans Loga Geirssonar í samstarfi við Grunnskólann, foreldrafélag skólans, HSS, Strandabyggð, Reykhólahrepp og Kaldrananeshrepp svo fátt eitt sé nefnt.

Þá stóð tómstundafulltrúi einnig fyrir göngudegi fjölskyldunnar, vann að umsóknargerð vegna styrkja, hafði umsjón með forvarnardegi, vann að íbúahandbók sem kemur út árið 2012, vann frá grunni styrktar- og samstarfssamninga við félög og stofnanir, tók við umsýslu leiksvæða í Strandabyggð o.fl. Nóg var að gera allt árið og oft ekki heiglum hent að komast yfir að vinna öll þau skemmtilegu og krefjandi verkefni sem komu á borð tómstundafulltrúans. En þó eru víða óþægðir aktrar og sannarlega nóg af verkefnum til að vinna að árið 2012.



## Verkefni ársins 2011

---


Hér fyrir neðan eru talin upp flest þau verkefni sem tómstundafulltrúi fékkst við í starfi sínu árið 2011. Listinn er að líkindum ekki tæmandi, en ætti þó að gefa góða mynd af starfi og viðfangsefnum ársins.

### Félagsmiðstöðin Ozon

- Söngkeppni Ozon haldin í janúar
- Söngkeppni Vestfjarða haldin á Hólmavík í janúar
- Samféshátíð í Reykjavík í marsbyrjun
- Landsmót Samfés á Ólafsfirði í október
- Fjáröflunartónleikar haldnir á Hólmavík í maí
- Forvarnar- og æskulýðsball í Borgarnesi í nóvember
- Galakvöld, tvö gistikvöld og fjórir dansleikir
- Umsjón með uppsetningu fyrir diskótek o.fl. viðburði
- Innkaup og bókhaldsvinna
- Félagsmiðstöð unga fólksins í 1.-4. bekk haldin einu sinni um vorið
- Facebook-síða búin til og uppfærð reglulega
- Flöskusafnanir og önnur fjáröflun
- Sala á Ozon-klæðnaði undirbúin í árslok
- Unnið að starfsreglum Ozon – lagðar fram 2012
- Unnið að viðurlögum við agabrotum í félagsstarfi – lögð fram 2012
- Fjölmörg opin hús fyrir 5.-7. og 8.-10. bekki
- Óteljandi fundir með Nemendaráðum og Nemendafélagi

### Héraðssamband Strandamanna

- Samningsgerð vegna stöðu framkvæmdastjóra
- Uppbygging og uppfærsla vefsíðu
- Fréttir, tilkynningar og auglýsingar á póstlista og vefsíðu
- Facebook-síða sambandsins búin til og uppfærð reglulega
- Undirbúningur og seta á ársþingi HSS í Árneshreppi

- 
- Samsetning og prentun ársskýrslu HSS 2010
  - Umsjón með kosningu Íþróttamanns ársins
  - Tvö fréttabréf með tilkynningum og úrslitum útbúin og send út
  - Aðstoð við aðildarfélög vegna styrkumsókna o.fl.
  - Undirbúningur fyrir íþróttamót á vegum sambandsins
  - Tiltekt í gögnum og flutningar úr Þróunarsetri upp í F'elagsheimili
  - Námskeiðshald í Felix
  - Skráningar keppenda á ýmis mót víða um land
  - Seta á stjórnarfundum - ritun fundargerða

## Önnur verkefni

- Bæjarhátíðin Hamingjudagar, undirbúningur og framkvæmd
- Lagasamkeppni Hamingjudaga, útgáfa og sala geisladisks
- Gerð styrktar- og samstarfssamninga við félög og stofnanir í Strandabyggð
- Umsjón með leiksvæðum í Strandabyggð, samskipti við BSI
- Unnið að gerð rekstrarhandbókar leikvalla – tilbúin árið 2012
- Milliganga um dansnámskeið fyrir börn og fullorðna
- Milliganga um komu 80 ungmenna á vegum kórs MH
- Fundarseta með TÍM-nefnd, samantekt fundargagna
- Ritun fréttu á vefsíðu Strandabyggðar
- Uppfærsla á öðrum vefsíðum hjá sveitarfélaginu, t.d. hamingjudagar.is
- Bréfaskrif og seta á margvíslegum fundum tengdum starfinu
- Gerð ýmissa auglýsinga og dreifibréfa o.fl.
- Undirbúningur og framkvæmd starfsmannagleði Strandabyggðar
- Seta á ráðstefnu um íslenskar æskulýðsrannsóknir
- Reglugerð v/ kjörs í íþróttamanni ársins í Strandabyggð – lagt fram 2012
- Göngudagur fjölskyldunnar 29. september
- Umsjón með forvarnardeginum 5. október

Ritað á Hólmavík 10. janúar 2012,

*Arnar Snæberg Jónsson,  
tómstundafulltrúi Strandabyggðar.*